



KÖNNUN UM UPPBYGGINGARSJÓÐ AUSTURLANDS

2021-2024

ÁBM. GABRIEL ARNARSSON

GABRIEL@AUSTURBRU.IS



Um könnunina

Gögnin sem unnið er með eru úr gagnasafni sem safnað var með rafrænni spurningakönnun í apríl 2025.

Könnunin var send til netfanga umsækjenda og verkefnastjóra verkefna sem sótt hafa í Uppbyggingarsjóð Austurlands frá 2021 til 2024. Tilgangur þessarar könnunar er að kanna upplifun, ánægju og það sem betur má fara við umsóknarferlið og umsýslu sjóðsins.

Endurgjöf og viðhorf þeirra sem sótt hafa í sjóðinn er mjög mikilvægt, sérstaklega á þessum tímapunkti þar sem ný sóknaráætlun hefur tekið gildi fyrir Austurland, en Uppbyggingarsjóður er fjármagnaður af Sóknaráætlun landshlutans.

Könnunin var send út á íslensku. Unnin er heildargreining. Alls bárust 49 svör.



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



Niðurstöður

Markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á reynslu umsækjenda af Uppbyggingarsjóði Austurlands á árunum 2021–2024, meta upplifun þeirra af umsóknarferli, ráðgjöf og eftirfylgni, sem og áhrif styrkja á framgang verkefna og samfélagið á Austurlandi. **Alls svöruðu 49 þátttakendur, sem höfðu samanlagt sótt um styrki fyrir 101 verkefni.**

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Styrkir úr sjóðnum eru almennt taldir **veita mikilvægan grundvöll fyrir nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og eflingu menningarstarfs í landshlutanum. Yfir 90% svarenda telja sjóðinn mjög mikilvægan í þessu samhengi, og tæplega helmingur svarar að verkefni þeirra hefði ekki orðið að veruleika án styrks.** Þá gefa niðurstöður til kynna að styrkt verkefni hafi í mörgum tilfellum leitt til nýrra starfa, frekari fjármögnunar og áframhaldandi starfsemi.
- Umsóknarferlið var að mestu leyti talið **aðgengilegt**, en þó bentu margir á að **form og ferli væru í sumum tilvikum of umfangsmikil í ljósi upphæða styrkja.** Sérstaklega þótti **kostnaðaráætlun flókin í framkvæmd**, og kallað er eftir einfaldari skrefum, skýrari leiðbeiningum og betra flæði í umsóknargátt.
- Um tveir þriðju svarenda nýttu sér ráðgjöf eða vinnustofur, og **marktækur munur var á árangri þeirra sem fengu sértæka ráðgjöf frá starfsfólki Austurbrúar.** Slík ráðgjöf var almennt talin mjög gagnleg og hvetjandi. Þó var bent á mikilvægi samræmis í upplýsingagjöf milli starfsmanna.
- Úthlutunarferli og greiðslufyrirkomulag voru að mestu leyti talin skýr og einföld, en **skýrslugerð þótti flóknasti þátturinn í eftirfylgni.** Ýmsir gagnrýndu að **skrifræðið væri í engu samræmi við upphæð styrkja og kallað var eftir einfaldari skýrslugerð** og meiri stuðningi við skil.
- Að lokum komu fram ábendingar um mikilvægi gagnsæis og fagmennsku í mati á umsóknum. Nokkrir lýstu vantrausti á forsendur synjana og töldu þörf á auknum rökstuðningi og faglegum verklagsreglum til að tryggja jafnræði meðal umsækjenda.

Niðurstöðurnar sýna að Uppbyggingarsjóður Austurlands gegnir lykilhlutverki í að kveikja hugmyndir, hrinda þeim í framkvæmd og færa þær nær samfélaginu. Þrátt fyrir áskoranir í umsóknarferli og úthlutun stendur eitt skýrt eftir: **styrkir úr sjóðnum skipta máli – raunverulegu, mælanlegu og áþreifanlegu máli.**

Hugmyndir verða ekki að veruleika af sjálfu sér. Það þarf kjark til að sækja um, eldmóð til að fylgja eftir og umhverfi sem treystir fólki fyrir tækifærum og hvetur til dáða. **Við höfum mótað þetta umhverfi – og okkur ber að efla það enn frekar.** Með því að hlusta á reynslu þeirra sem hafa farið í gegnum ferlið, þeirra sem eru í rekstri, byggja á því sem vel er gert og bæta það sem betur má fara. **Þannig styrkjum við ekki aðeins sjóðinn – heldur framtíðarhorfur Austurlands.**



Úrvinnsla

Alls bárust 422 umsóknir um styrkfé úr sjóðnum, frá 220 umsækjendum fyrir verkefnaárin 2021-2024. Sem bendir til þess að margir umsækjendur sækja í sjóðinn ár eftir ár, og/eða eru með fleiri en eina umsókn að hverju sinni.


Skilgreina má þýðið sem 220 umsækjendur, þar af svöruðu 49 sem gerir svarhlutfallið 22% | $(n/N) = 22.3\%$

Niðurstöðurnar gefa okkur hugmynd af upplifun umsækjanda, en lagður er fyrirvari á að alhæfa niðurstöðurnar yfir þýðið vegna svarhlutfalls og mögulegrar úrtaksbjögunar. Hægt væri að búa til öryggisbil (e. Confidence interval) til þess að álykta yfir á þýðið en það er vítt vegna smæði þýðis og úrtaks. Þó dregur það úr óvissu að leiðrétta staðalvilluna með tilliti til þess að þýðið er endanlegt (e. Finite Population Correction). Fyrir spurningu 1, myndi það gefa okkur eftirfarandi niðurstöður; *Hvernig gekk þér að finna upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið? 44 - vel og 5 - illa.*

$$\rho = \frac{44}{49} = 0,898 \rightarrow SE = \sqrt{\frac{\rho(1 - \rho)}{n}} = 0,0432 \rightarrow FPC = \sqrt{220 - \frac{49}{219}} = 0,884 \rightarrow SE_{FPC} = 0,0432 * 0,884 = 0,382 \rightarrow CI_{95\%} = [0,823 \text{ til } 0,973]$$

Eða þó aðeins 22% af þýðinu hafi svarað, benda niðurstöðurnar til að með 95% öryggi sé hlutfall þeirra sem vel gekk að finna upplýsingar um sjóðinn séu milli 82.3% til 97.3% af heildarþýðinu.

Umsóknir í Uppbyggingarsjóð 2020-2024 $\Sigma 422$




Aðgengi að upplýsingum

Hvernig gekk þér að finna upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið?

- Svörun bendir til þess að þorri umsækjenda gekk vel að finna upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið
 - Vel = frekar vel + mjög vel | Illa = frekar illa + mjög illa

Hvernig gekk þér að finna upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið?




Hvernig gekk þér að finna upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið?



Hvar fannst þú upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið?

- Flestir svarenda fundu upplýsingar um sjóðinn og umsóknarferlið á vef Austurbrúar

Hvar fannst þú upplýsingar um Uppbyggingarsjóðinn og umsóknarferlið?



Annað sem þú getur sagt um það hvernig þú nálgadist upplýsingar um sjóðinn?

Fór á kynningu hjá starfsmönnum Austurbrúar

Vissi af honum


Var hvattur til að sækja um




Umsóknir svarenda í sjóðinn

- Svörun dreifist nokkuð jafnt yfir árin sem um er spurt um, þó flest svör eiga við úthlutun fyrir verkefnaárið 2024.
- Að meðaltali sóttu svarendur 2 sinnum í sjóðinn á tímabilinu, tíðasta gildi 1 og hæsta gildi 4 eða öll árin.
- 49 svarendur fyrir 101 verkefni. Þar af tilgreindu þrír svarendur ekki hvaða ár þeir sóttu um né hvort verkefnið hlaut styrk.


Sótt um, ár %



X - svarendur | Y - fjöldi umsókna árin 21-24




Fjöldi umsókna á tímabilinu, tíðni







- Meðalárangurshlutfall svarenda í sjóðinn er hærra en raun árangurshlutfall í sjóðinn 2021-2024. Það gefur til kynna mögulega sé úrtaksbjögun til staðar; þeir eru líklegri til þess að svara könnuninni sem fengu úr sjóðnum.

Árangur; könnun:raun




- Dreifing svara eftir tegundar umsóknar bendir til þess að umsækjendur menningarmegin, og í stofn og rekstur voru líklegri til þess að svara könnuninni. Í sumum tilfellum eru þetta sömu aðilarnir sem hafa skilað inn umsóknum í stofn og rekstur, og menningu.
- Aukning í svörum fyrir atvinnu verkefni ár frá ári er í takti við raunaðsókn, og átak verkefnastjóra að fjölga umsóknum atvinnumegin.
- Flestir svarendur hafa skilað inn umsóknum fyrir félagasamtök, eða um 42%.



Umsóknargáttin (soknaraetlun.is)

Hvernig fannst þér að nota umsóknargáttina á www.soknaraetlun.is fyrir eftirfarandi þætti í umsókninni?

- Að meðaltali eru 78% svarenda sáttir með eiginleika gáttarinnar. Þó kemur framsetning kostnaðaráætlunar verst út, sem er í takt við væntar niðurstöður.



- Annað sem svarendur vildu koma á framfæri varðandi umsóknargáttina
 - Flókið og tímafrekt ferli – sérstaklega eigið framlag, villur við vistun og óljósir kostnaðarliðir.
 - Mætti einfalda textainnslátt, skýra leiðir í gegnum gáttina og stytta ferlið miðað við fjárhæðir.
 - Á heildina litið þó ágætlega uppsett, þó að finna megj þörf á einföldun.


Er eitthvað sem þú vilt segja um umsóknargáttina og formið sem má bæta eða er að virka vel?
Mér finnst liðurinn "Eigið framlag" ekki eiga rétt á sér í núverandi mynd. Eigið framlag er ávallt umtalsvert, annars verða engin af þessum verkefnum að veruleika, en eins og þetta er sett upp er einfaldlega verið að biðja fólk að gefa vinnuna sína.
Tekur bara tíma að setja sig inn í hvern þátt. Gekk vel með eiginmanninn við hliðina. Sérstaklega kostnaðaráætlun.
Sótti um til 3 ára árið 2022 en hlaut þá bara fyrir eitt ár - var það mjög óskýrt sem gerði það að verkum að við sóttum ekki um 2022.
Ég lendi alltaf í smá vandræðum með að finna þetta til að byrja með. Það eru svolítið margir smellir.
Innskráningarformið skilaði stundum villum og tíma gat tekið að ná henni út.
Ávallt áskorun að vinna í svona formi upp á að tryggja að allt sé til staðar í réttum reitum og flytja texta yfir. Einnig upp á að tryggja vistun á breytingum en það hefur lagast með árunum.
Það má fjölga orðum í verkefnalýsingu
Nei, ekkert sem betur mætti fara.
Þetta er einfaldlega ekki fyrir fullorðna einstaklinga, allavega skildi ég ekki málfarið
Almennt er umsóknakerfið mjög slakt og óstöðugt, textinn save-ast illa og því þarf að vinna allan texta í öðru forriti og sí endurtekið að klippa og líma textann inn í formið sem strokast hefur út. Oft þegar að farið er í gegnum villuprófun í lokin strokast ut random dálkar sem hægir á skilum, veldur streytu og er óþarfa tímaeyðsla.
Skildi ekki fjármálalið umsóknarinnar. Sótti seinna um styrk fra Múlaþingi og það var mjög einfalt.
Þetta virkar yfirhöfuð ágætlega. Það er svolítið tímafrekt að fylla inn kostnaðaráætlun í marga litla kassa...
Það þvældist stundum fyrir mér að finna leiðina inn á síðuna þar sem farið er í umsóknarferlið
Bara allt virkar eins og það á að gera.
Miðað við upphæðina sem er úthlutað og þá staðreynd að styrkir eru lágir er umsóknarferlið allt of flókið og yfirgripsmikið og mætt einfalda töluvert. Gáttin er samt sem áður ágætlega uppsett og straight forward. bara einfalda.
Mjög tímafrekt og margt er óljóst.
Almennt vil ég segja að umsóknarformið og þær kröfur sem gerðar eru til þess eru mjög umfangsmikið, tímafrekt að vinna og flókið þegar tekið er tillit til fjárhæðar styrkja, þarna er ekkert einasta samhengi á milli. Þá er ljóst að það fólk sem hefur þekkingu á styrkjasókn og -umhverfi á mun betri möguleika en þau sem ekki eru sjóúð í því umhverfi.
Það mætti einfalda að gera breytingar á tímalína/verkpættir g uppröðun þeirra

Vinnustofur og ráðgjöf

- Um 68% svarenda sögðust hafa sótt sér ráðgjöf í tengslum umsóknarferlið, þar af flestir vinnustofur.



- Ef borinn er saman árangur svarenda og hvort þeir sóttu sér aðstoð hjá Austurbrú, þá kemur í ljós að
 - Umsækjendur sem sækja sér ráðgjöf hjá starfsmanni utan vinnustofa eru líklegastir til þess að hljóta styrk úr sjóðnum; **89% árangurshlutfall.**
 - Umsækjendur sem sækja sér ráðgjöf hjá starfsmanni og mæta á vinnustofu eru mjög líklegir til þess að fá styrk úr sjóðnum; **85% árangurshlutfall.**



- Afhverju er svona mikill **munur á árangurshlutfalli þeirra sem sækja vinnustofur og þeirra sem sækja ráðgjöf**? Mismunandi árangurshlutfall á milli þátttakenda í vinnustofum (51%) og þeirra sem nýta sér ráðgjöf starfsmanna (89%) gæti að hluta skýrst af valáhrifum. Þeir sem velja að mæta á vinnustofur eru oft á byrjunarstigi með verkefnið sitt eða eru að kanna möguleika fjármögnunar án þess að vera fullkomlega vissir um að verkefnið passi vel við styrkinn. Þeir sem eru komnir lengra og með verkefni sem líklegt er að hljóti styrk velja oft að leita beint til ráðgjafar starfsmanna, þar sem þeir eru að finpússa umsóknina og vilja tryggja góð skil. Vinnustofan er að jafnaði almenn yfirferð, oft í umsjá starfsmanna sem ekki hafa með sjóðinn að gera að öðru leyti, heldur taka að sér vinnustofuna vegna staðsetningar. **Ráðgjöf verkefnastjóra sjóðsins og atvinnupróunarfulltrúa Austurbrúar er aftur á móti sérsniðin ráðgjöf sem byggir á ítarlegri þekkingu á sjóðnum, almennum rekstri, fjármögnun og verkefnisumhverfinu**




- Hvers vegna nýta umsækjendur sér hvorki vinnustofu né ráðgjöf?
 - Flestir þeirra svarenda telja sig hafa næga reynslu, hafa áður setið námskeið eða nýtt sér ráðgjöf í öðru samhengi.
 - Sumir höfðu ekki tíma eða vissu ekki af þjónustunni.
 - Einn svarandi nefnir ósamræmi í ráðgjöf milli starfsmanna, sem olli ruglingi.
 - Mikilvægt er að tryggja samræmi í upplýsingum. Til þess að tryggja gagnlega og samræmda ráðgjöf er mikilvægt að tryggja að starfsmenn sem koma að sjóðnum séu vel upplýstir, og til staðar sé á sameiginlegu svæði skýr verklýsing og gögn til ráðgjafar t.d. fyrir vinnustofur.


Ef þú nýttir hvorki vinnustofu né ráðgjöf, hvers vegna?	Árangur
Hef ágætis reynslu af því að sækja um styrki í tengslum við starf	50%
Ekki þörf vegna reynslu af umsóknarferlinu.	100%
Ekki þörf á því	0%
Vissi ekki af því	50%
á árunum 2020 - 2021	50%
Tíminn hentaði mér ekki	100%
Fékk konu sem skildi málfarið til að gera umsóknina	100%
Eg hef langa reynslu af umsóknaskrifum og hef setið þessi námskeið áður sem hefur nýst mér mjög vel. En undanfarin ár hef eg ekki talið þörf á að sitja slíkt námskeið og hef ekki þurft ráðgjöf en hef nýtt mér ráðgjöf starfsmanna austurbrúar í öðru samhengi sem hefur reynst mér mjög vel.	100%
Þurfti þess ekki	100%
Ég hef tvisvar sótt eftir aðstoð - starfsfólki bar ekki saman - hún var ruglandi. Sat upp með mjör ruglandi og misvítandi svör. Ákvað að læra af reynslunni með því að gera umsóknina og svo hef ég talað við aðra sem hafa sótt um og hafa reynslu sem var mjög gott. Held að þetta sé það eina sem ég get sagt að Austurbrú hafi ekki staðið sig vel í.	50%
Þurfi ekki á því að halda	67%



Ef nýtt var vinnustofa. Hvernig fannst þér eftirfarandi þættir komast til skila?

- Flestir svarendur telja að vinnustofa hafi skilað góðum upplýsingum varðandi þá þætti sem spurt er um, sérstaklega varðandi innihald umsóknar, gerð tímalínu og reglur sjóðsins.
- Svörun leiðir í ljós að á ákveðnum þáttum þarf að skerpa á þegar haldnar eru vinnustofur, þar helst leiðsögn/endurgjöf varðandi verkefnahugmynd.
 - 29% svarenda telja endurgjöf á verkefnahugmyndir ábótavant. Það gæti skýrst af því að slík endurgjöf felur oft í sér gagnrýni sem kemur á óvart og getur dregið úr frumkvæði. Margir umsækjendur hafa ekki þjálfun í að greina hugmynd sem heildstætt verkefni með skýrum verkþáttum og aðgerðum – heldur einblína frekar á hugmyndina sjálfa. Við slíka greiningu koma gjarnan í ljós veikleikar og takmarkanir sem hafa áhrif á fýsileika hugmyndarinnar.







- Opin svör varðandi vinnustofur gefa til kynna að margir upplifðu jákvæðan stuðning og hvatningu frá starfsfólki á vinnustofum. Þó bendir einn svarandi á að ábendingar varðandi styrkupphæð hafi verið ruglingslegar, þ.e.a.s. hann hafi fengið leiðsögn um að sækja um hærri upphæð en hann var í raun að biðja um.

Eitthvað sem þú vilt segja um hvernig vinnustofan nýttist þér? Hvað var gagnlegast og var eitthvað sem vantaði uppá gagnsemi vinnustofunnar?
Persónuleg og jákvæð. Þar sem starfsfólk hvatti mig til dáða og hefur sýnt verkefninu áhuga.
mjög vel á þeim tíma sem var mætt en kannski er gagnlegt að mæta aftur á vinnustofur þó reynsla sé komin á að sækja um.
Nýtti mér ekki vinnustofu, aðeins ráðgjöf í síma.
Ekkert vandamál að gera kostnaðaráætlun en meira segja leiðbeinandinn gerði mistök varðandi hversu háan styrk ég var að sækja um. Undarlegt að þurfa að sækja um miklu hærri upphæð en maður er að biðja um.

Ef nýtt var ráðgjöf hjá starfsmanni/starfsmönnum, hvernig komust eftirfarandi þættir til skila?

- Niðurstöður sýna almennt jákvæða upplifun svarenda, að meðaltali fannst 85% svarenda upplýsingum um eftirfarandi þætti komast vel til skila.
- Svigrúm er til þess að gera betur, einkum varðandi leiðsögn og/eða endurgjöf varðandi verkefnahugmynd.





- Svarendum fannst ráðgjöfin almennt hvetjandi og gagnleg.

Eitthvað sem þú vilt segja um hvernig ráðgjöfin nýttist þér? Hvað var gagnlegast í ráðgjöfinni? Var eitthvað sem vantaði uppá að ráðgjöfin nýttist þér?
Aðallega að hvetja mig áfram og hafa trú á verkefninu.
Mikils virði að fá leiðbeiningar, en sérstaklega yfirlestur og endurgjöf á drög að umsókn. Fyrir utan jákvæðni og hvatningu.
Nýtti það ekki fékk aðstoð frá fjölskyldumeðlim sem hafði verið verkefnisstjóri áður
Ráðgjöf á árunum 2020 - 2021 hef ekki nýtt ráðgjöf eftir það.
Fékk þá ráðgjöf sem ég taldi mig þurfa, varðandi reglur og tímalínu, annað lá nokkuð ljóst fyrir í ferlinu.
Ráðgjöfin nýttist vel en ráðgjafinn þekkti ekki fjármálahlíðina nógu vel. Þurfti að kalla til annan ráðgjafa til að gera þetta rétt.
fullkomin

Spurningar til þeirra sem hlotið hafa styrk

Ef þú hefur hlotið styrkveitingu úr Uppbyggingarsjóði máttu gjarnan svara eftirfarandi

- Allir svarendur sögðust hafa það styrkveitinguna
- 86% svarenda fengu ekki þá upphæð sem sótt var um
- Flestir svarendur, eða um 91% kláraðu verkefni sín. Restin kláraði verkefni að hluta til.





Ef þú hefur fengið styrk oftari en einu sinni og sama svarið á ekki við í öllum tilvikum, máttu gjarnan segja frá því hér.
Er að vinna áfram að sama verkefni og get vonandi skilað inn afrakstri þess í lok ársins.
Bæðið '23 og '24 var sótt um fyrir tvö verkefni og annað var styrkt.
Kláraði það sem ég fékk styrk fyrir en verkefnið stöðvaðist vegna veikinda
Á meðan ég vann að verkefninu Gletta sýningarrými þá fékk ég og Andri Björgvinsson tvisvar sinnum styrk. Andri hélt svo áfram með verkefnið og sótti líklega um styrki sjálfur.
Höfum fengið styrk og bæði upphæð sem sótt var um og ekki
Þufti framlengingu á verkefninu og fékk það.
Ég hef hlotið styrk í nokkur verkefnis sem öll hafa verið kláruð og eru komin á markaðinn
Hef fengið nánast fullan styrk en síðast (2024) fékk ég aðeins hluta sem ég var mjög ósáttur við



Hvernig fannst þér ferlið varðandi eftirfarandi þætti sem tengjast úthlutun?

- Meirihluti þátttakenda upplifir ferlana sem einfalda.
 - Greiðslufyrirkomulag og samningagerð talin einföldust.
 - Skýrsluskil talin flóknustu ferlin, sem er í takt við upplifun verkefnastjóra.
 - Í athugasemdum benda svarendur enn fremur á þeim þyki skriffinn skil í kringum sjóðinn „í engu samhengi við upphæð styrkja“.




- Annað sem svarendur vildu koma á framfæri varðandi úthlutunarferli, í samhengi þáttanna sem spurt er um að ofan
 - Lesa má úr athugasemdum að einfalda mætti ferlið, þá einkum varðandi skýrsluskil og tryggja að umfang umsóknarferlisins skeyti betur við upphæð styrkja. Ný umsóknargátt bætir ef til vill einhverja þessa þátta.

Eitthvað sem þú vilt segja um úthlutunarferlið og ofangreinda þætti sem gætu bætt ferlið eða eru að virka vel?
Það er ekki auðvelt að finna tengil á lokaskýrsluna
Upplýsingar um nauðsyn framvinduskýrslu voru óskýrar og það vantar áminningu um að skila slíkri skýrslu þegar tímabilið er ca. hálfnað.
Kannski óörugg hve nákvæmt framvi da og lokaskýrslu á að vera.
Ein umsókn frá '24 er enn skráð í yfirferð.
Þetta á ekki við þar sem fenginn var frestur á skilum verfnisins.
Einfalda allt ferlið
Það mætti vera lengra a milli þess að niðurstöður koma og úthlutunarathöfnin fer fram og upplýsingar um viðburðinn mættu vera skyrari. Ég hef ekki komist undanfarin ár þar sem að eg hef verið bókuð i annað og of seint að breita
Það var vesen með að skila inn lokaskýrslu, þ.e.a.s. að skrá mig inn sem félagið.
Tók svolítið langan tíma að klára dæmið
Long bið eftir greiðslu og þykir þrískipt úthlutun skráttin fyrir styrki að upphæð 1.000.000 og hærri
Aftur, skrifinnskan í kringum sjóðinn er í engu samhengi upphæð styrkja.

Áhrif verkefna

Hversu mikilvægar telur þú styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði fyrir Austurland, uppbyggingu atvinnulífs og eflingu menningar?

- Styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði eru almennt taldar mjög mikilvægar fyrir verkefni, nýsköpun í atvinnulífi og menningarlíf á Austurlandi.
- Flestir telja styrkinn einnig hafa skipt verulegu máli fyrir framgang eigin verkefna, þó nokkrir telja að styrkveiting hafi ekki haft afgerandi áhrif.



- Svarendur telja styrki úr Uppbyggingarsjóði afar mikilvæga og að þeir veiti traustan grundvöll fyrir fjölbreytt og árangursrík verkefni í atvinnulífi og menningu.
- Svarendur telja þörf á að einfalda umsóknarferlið og hækka styrkfjárhæðir í takt við verðlag og raunverulegan kostnað, þar sem núverandi fjárhæðir duga oft illa til að standa undir verkefnum.


Annað sem þú vilt segja um styrki úr Uppbyggingarsjóði í tengslum við mikilvægi fyrir atvinnulíf og menningu?
Styrkirnir eru ómetanlegir og leggja oft grundvöllinn að frábærum verkefnum.
Kom mér sannarlega af stað:).
Það þarf að halda áfram að herja á aukið fjármagn. Uppbyggingarsjóðirnir eru þeir nýsköpunarsjóðir sem landsbyggðinn sækir í öðrum fremur, frekar en t.d. sjóðina með fuglanöfnin eða skattaafslætti.
Mjög mikilvægur styrkur sem gerði Glettu verkefnið að veruleika. Við erum afskaplega þakklát
Tek fram hér að styrkurinn sem ég fékk var fyrir 2021 en ég sótti um annan styrk 2021 og fékk þá nei. Þess vegna getur litið út fyrir ósamræmi í svörum
Verkefnið er ekki orðið að veruleika vegna seinkunarinnar.
Styrkirnir eru allt of lágir og standa varla undir kostnaði við það að sækja um í sjóðinn. Það mætti einfalda umsóknarferlið og/eða hækka styrkina. Gróflega áætlað, út frá því tímalaupi sem tekin eru fram í umsóknarferlinu (4.500isk sem er allt allt of lágt) má áætla að umsóknaskrif og utanumhald kosti að minnstakosti 540.000ISK (líklegast samt nær 1.020.000 miðað við 8.500ISK í timakaup) og þá er ljóst að ekki stendur mikið eftir og oft á tíðum ekkert.
Uppbyggingarsjóðurinn er mikilvægur til þess að styðja við verkefni. Verkefnið sem ég hef sótt um fyrir er mjög mikilvægt til að sýna fram á hvað er verið að gera í fjórðungnum og byggja upp áhuga á tækni- og verkmennt. Ég viðurkenni að ég hef verið svektur þegar annað hvort verkefninu hefur verið hafnað eða fengið lægri styrk á mjög hæpnum forsendum þar sem verkefni sem skilja mun minna eftir sig til samfélagsins hafa fengið styrk ár eftir ár. Þannig setur maður spurningamerki við faglegheitin sem standa að baki úthlutuninni. Ég hef einnig beðið um rökstuðning fyrir synjun og hann hefur ekki haldið vatni sem gefur til kynna að það sé verið að meta eitthvað annað en gæði verkefnanna og þýðingu þeirra. Það er afar mikilvægt að úthlutunin sé gegnsæ og fagleg þar sem um er að ræða opinbert fé.
Það er mjög mikilvægt að heildarupphæð styrkja verði hækkuð í samræmi við verðlag í landinu og ætti í raun að vera vísitölutengd. Heildarupphæðin hefur verið sú sama undanfarin 10 ár og það er ekki í neinu samræmi við verðlagsbreytingar.
Uppbyggingarsjóður er eitt sjóður sér fyrir Austurland og hefur gert mörgum verkefnum að veruleiki. Í okkar tilfalli hefur hann haft mikið áhrif á uppbygging fyrirtæksins og væri hún ekki starfandi í dag og með árangur án hans- það er alveg skýrt!



Er verkefnið sem þú fékkst styrk fyrir enn í gangi/starfrækt?

- Fyrr mátti reikna úr svörum þátttakenda, að svarað er fyrir 101 verkefni. Hér fyrir neðan eru svör ekki hlutfölluð(%) heldur talin.
- Verkefnin hafa skilað **mælanlegum áhrifum**, skapað störf og hlotið frekari fjármögnun.
- Flest verkefni eru ennþá í gangi, eða 71 sagt ganga eins og gert var ráð fyrir. Önnur 25 verkefni sögð í gangi á breyttan hátt.


Upphaf



Framvinda



Áhrif





Ef verkefnið hefur skapað störf máttu segja frá hve mörg störf.
2024 skapaði 1 ársstarf 3 sumarstörf 2025 meira en 2024
Eitt starf
Tvö störf
Það gengur hægar, en gert var ráð fyrir.
Öll verkefnið hafa stuðlar að atvinnusköpun og fjölgun starfa
mörg verkefni, sum voru tímabundin og kláruðust, önnur enn í gangi.
0,5 ársverk hingað til en enn vaxandi
2024 1 til 2 ársstörf auk 3 sumarstörf
4 starfsgildi hjá sama fyrirtækinu
Störfum fjölgar á hverju ári.
Fimm störf
Um lítinn viðburð að ræða en skapaði tveir starfsmenn komu að honum og voru greidd laun sem styrkurinn dekkaði
Engin viðbótarstörf ennþá.



Hversu mikilvægar telur þú styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði fyrir Austurland, uppbyggingu atvinnulífs og eflingu menningar?

- Yfirgnæfandi meirihluti svarenda telur styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði mjög mikilvægar fyrir nýsköpun, atvinnulíf og menningarstarf.
- Um helmingur svarenda segir að verkefni hafi ekki orðið að veruleika vegna þess að ekki fékkst styrkur úr sjóðnum.



- Svarendur lýsa bæði mikilvægi styrkja fyrir atvinnu- og menningarþróun á Austurlandi, en benda jafnframt á mikilvægi þess að umsóknarferli og úthlutun sé gagnsæ, sanngjörn og faglegt.

Annað sem þú vilt segja um styrki úr Uppbyggingarsjóði í tengslum við mikilvægi fyrir atvinnulíf og menningu?
Styrkurinn nýttist til uppbyggingar sem nýr áfangastaður ferðamanna á austurlandi, sem er mjög vel sóttur í dag og fer vaxandi. Og bíður uppá nýungar í vetrarferðamensku og auknu starfsmanna haldi.
Ég hef engu við að bæta öðru en því að það er langt síðan ég sótti um og man ekkert hvernig gekk að vinna með umsóknarferlið, bara að mér fannst það ekki auðvelt viðureignar og ef ég man rétt þurfti að skrifa allan texta í word og færa hann svo yfir af því það vistaðist ekki á síðunni.
Finnst það rangar áherslur að styrkja listviðburði og þar af leiðandi skipuleggjendur listviðburða en ekki listamenn sem sinna listsköpuninni.
Endurtek það sem ég sagði um daginn, mat á verkefnum þarf að vera faglegt og gegnsætt. Það má setja spurningamerki við að háir styrkir fari ár eftir ár til sömu verkefnanna meðan önnur verkefni sem skilja meira eftir sig fá lægri styrki eða enga.

